

Skútustaðahreppur
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík, 14. janúar 2022
UST202112-008/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Björk í Vogum - Skútustaðahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Björk í Mývatnssveit í Skútustaðahreppi.

Í greinargerð kemur fram að unnið var deiliskipulag fyrir svæðið árið 2009 sem öðlaðist ekki gildi og því áformað að vinna nýtt deiliskipulag. Einnig kemur fram að skipulagssvæði nýs deiliskipulags verður nokkuð stærra en í deiliskipulaginu frá 2009, eða 4,24 ha, og mun ná utan um tengdar byggingar og íbúðarhús auk tjaldsvæðis. Í tillögunni kemur fram að tillagan geri ráð fyrir 200 m² starfsmannahúsi á byggingareit 1 (B1), 150 m² starfsmannahúsi á B2, 600 m² veitingastað á B3, 100 m² afgreiðslu á B4. Auk þess er í dag á lóð 4 veitingarekstur og gistihús, á lóð 5 er gistihús með tveimur herbergjum, á lóð 6 er gistihús með átta herbergjum og á lóð 7 er gistihús með átta herbergjum.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi lýsingu skipulagsins dags. 14. júní 2021.¹

Mývatn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram að hluti skipulagssvæðisins er verndað samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Nánar er mælt fyrir um verndun Mývatns og Laxár í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um verndarsvæðið í greinargerð tillögunnar og mikilvægt er að fjallað sé um áhrif hennar á verndarsvæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. gr. ofangreindra laga kemur fram að forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

¹ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/L%3%bdsing%20-%20deiliskipulag%20-%20Bj%3%b6rk%20-%3%ad%20M%3%bdvatnssveit%20-%20Sk%3%batusta%3%b0ahreppur.pdf>

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru tvær tveggja þrepa rotþrær og við endurnýjun/uppfærslu þeirra skal gera ráð fyrir ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa eða í samræmi við gildandi reglugerðir og samþykktir.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 24. gr. reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár segir að skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í dag uppfyllir fráveitan ekki kröfur um fráveitu í samræmi við ofangreinda reglugerð og er það ekki í samræmi við sameiginlega umbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila vegna fráveitumála í Skútustaðahreppi árin 2018-2021. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnið sé eftir sameiginlegri umbótaáætlun vegna fráveitumála.

Ásýnd og landslag

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á ásýnd og landslag í kafla 5 (umhverfisáhrif).

Byggingareitir tillögunnar eru fyrir utan verndarsvæði Mývatns – og Laxár. Í 3. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár segir að óheimilt er að valda spjöllum eða raski landslagi á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Að mati Umhverfisstofnunar mun frekari uppbygging við Mývatn hafa áhrif á ásýnd og landslag verndarsvæðisins.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdir munu hafa áhrif á hraun að verulega litlu leyti. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið sem verður raskað fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að afmarka byggingarreiti á þann hátt að hraun verði ekki fyrir raski.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri

framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur